

Menntun og mannækt

Njarðvíkurskóli



Víkurfretir

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2020-2021

1. Inngangur.....	3
2. Sjálfsmat.....	3
2.1 Tilgangur matsins	3
2.2 Rökstuðningur.....	4
2.3 Lesendur.....	4
3. Um skólann.....	4
3.1 Lýsing á skólanum	4
3.2 Stefna skólans	4
3.2.1 Menntun.....	4
3.2.2 Mannrækt.....	4
3.2.3 Markmið	4
3.2.4 Leiðir	5
3.3 Stjórnun.....	5
3.4 Nám og kennsla.	6
3.5 Námsmat	6
3.6 Agamál.....	7
3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun	7
3.8 Foreldrasamstarf	8
3.9 Skólanámskrá.....	8
3.10 Ytra mat Menntamálastofnunnar	8
4. Viðmið við matið.	8
5. Sjálfsmatsaðferðir og matstæki	9
5.1 Nemendakannanir	9
5.2 Starfsmannakannanir	10
5.3 Foreldrakannanir	11
6. Niðurstöður.....	11
6.1 Stefnumörkun og stjórnun	11
6.2 Kennsluáðferðir og mat	13
6.2.1 Samræmd próf.....	15
6.2.2 Lestrar- og stærðfræðiskimanir.....	17
6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna.....	19
6.3.1 Nemendur – árangur og líðan	20
6.4 Upplýsingastreymi	24
6.4.1 Samskipti við foreldra.....	25
7. Framkvæmdamat	28
8. Umbótaáætlun	32

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2020-2021. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir í lok skólaárs. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Reykjanesháskóla í fræðslumálum. Sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla eru metnar. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslunnar.

2. Sjálfsmat

2.1 Tilgangur matsins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans 2008 uppfyllti Njarðvíkurskóli öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Í ytra mati Menntamálastofnunar í nóvember 2019 kom fram að vel er staðið að sjálfsmati skóla. Þeir þættir sem komu fram sem tækifæri til umbóta voru settir í umbótaáætlun skólans. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst sá að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megingilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

2.2 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 658/2009 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 2. og 3. greinar laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuplagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast meggi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu skólans.

3. Um skólann

3.1 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2020-2021 voru 418 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð nemendum með þroskahömlun og/eða fötlun og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

3.2 Stefna skólans

Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.

3.2.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

3.2.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

3.2.3 Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli

heimila og skóla.

Markmið okkar eru enn fremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni
- þjálfi félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- verði færir um að meta stöðu sína í námi
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu

3.2.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum
- leggja rækt við það góða í manneskjunni
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- leggja áherslu á jákvæðan aga
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda
- þjálfa tjáningu og framsögn

Stefna skólans tekur einnig mið af Menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem kemur m.a. fram að: „Börn og ungmenni í Reykjanesbæ hljóti góða almenna menntun og fái tækifæri til þess að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi“. Grunnskólar í Reykjanesbæ gegna því hlutverki að veita nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Allir grunnskólar bæjarins eiga að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag og hvetjandi námsumhverfi. Stöðugt skal leggja áherslu á framþróun í skólastarfi sem miðar að því að auka árangur, vellíðan og heilbrigði nemenda (úr Menntastefnu Reykjanesbæjar 2016).

3.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda. Við skólann starfar námsráðgjafi í 100% starfi. Ýmis teymi og nefndir kennara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem lestrar-teymi, umhverfis- og grænánateymi, PBS teymi, eineltisteymi, jafnréttisnefnd, áfallateymi, hátíðarnefnd, viðburðarnefnd, heilsu- og forvarnarteymi, o.fl. Í upphafi skólaárs er gefið út fundardagatal og eru settir inn starfsmanna-, kennara- og deildafundir. Fundardagar fyrir slíka fundi eru á miðvikudögum. Nemendaverndarráð er skipað stjórnendum skólans, sérkennurum skólans, námsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og kennsluráðgjafa frá Fræðsluskrifstofu RNB.

Auk þess kemur tengiliður barnaverndar á fund ráðsins einu sinni í mánuði. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðarmálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

3.4 Nám og kennsla.

Í Njarðvíkurskóla eru tíu árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 4. bekk þá eru þrír bekkir í árgangi vegna fjölmennis í árgangi. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í 8.-10. bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku og geta nemendur í 9. og 10. bekk geta einnig sótt tilteknar valgreinar í Fjölbautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum í 1.-7. bekk er bekkjum skipt í minni hópa.

3.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísi í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum lykilhæfninnar. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Mat er á vinnu nemenda allt skólaárið en með mati metur kennarinn færni nemanda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt og getur þá í framhaldi veitt nemanda leiðsögn um hvernig hann getur bætt sig. Helstu áherslu í námsmati eru:

- verkefni, ritgerðir, vinnubrögð og frágangur
- vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- skil á heimavinnu
- kannanir og próf
- mat á hópavinnu og samstarf/samvinna
- sjálfsmat nemenda og jafningjamat

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum skráir námsmatið á Mentor og svo fá nemendur vitnisburðarblað á skólaslitum.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð í lok skólaársins í júní. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í febrúar þar sem farið var yfir það námsmat sem þá var lokið. Á samtalsdegi í október var farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem foreldrar og umsjónarkennari ræddu um námslega og

félagslega stöðu nemandans. Í byrjun máí fá nemendur mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Útfærsla námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor hjá nemendum. Deildarstjóri eldra stigs hélt utan um innleiðingu á námsmati skv. aðalnámskrá grunnskóla ásamt öðrum stjórnendum og sá um að kynna fyrir kennurum, nemendum og foreldrum skipulag námsmats.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Hjá nemendum í 1.-6. bekk var vísað í sundurliðun á hæfnimati nemenda á Mentor í öllum fögum en lesfimi, lesskilningur, ástundun og umsögn kom fram á vitnisburðarblaði. Nemendur í 7.-9. bekk fengu einkunn fyrir grunnfög, valfög, lesfimi, lesskilning og ástundun er gefin í tölum. Þar var einnig vísað í sundurliðun á hæfniviðmiðum á Mentor. Nemendur í 10. bekk fengu einkunn í bókstöfum út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Lesfímieinkunn var gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin voru lestrarnákvæmni og leshraði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 180 orð á mínútu til að geta komist yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim á framhaldsskólastigi. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun sem voru tekin til notkunar á skólaárinu eftir vinnu við þróun og skimunar- og stöðuprófa frá árinu 2015.

3.6 Agamál

PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (Positive Behavior Support) eða *Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun*. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra.

Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir sérstökum verkferlum sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlsinum varðandi einelti.

3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvíkurskóla starfa 103 starfsmenn þar af 31 kennari, 4 sérkennarar, 2 ÍSAT kennarar, 11 leiðbeinendur, 1 sérfræðingur, 4 þroskaþjálfar, 38 starfsmenn skóla, náms- og starfsráðgjafi, skrifstofustjóri, umsjónarmaður, bókavörður, 2 umsjónarmenn frístundaskóla, deildastjórar sérdeildanna í Björk og Ösp auk skólastjórna. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

3.8 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að foreldrar séu sáttnir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánun samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s jólaföndri. Bekkjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtnum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra.

3.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli Aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók og er allir hlutar hennar fyrir utan starfsmannahandbókina birtir á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Á skólaárinu 2018-2019 var farið í endurskoðun á skólanámskránni og gildir hún frá 2019-2022.

3.10 Ytra mat Menntamálastofnunnar

Starf Njarðvíkurskóla var metið í nóvember 2019 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunnar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Þeir þættir sem skoðaðir eru í ytra mati eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Skólinn óskaði svo eftir úttekt á vinnu við skóla án aðgreiningar. Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu skólans sem og umbótaáætlun sem unnin var út frá niðurstöðum. Á skólaárinu 2020-2021 kallaði MMS eftir hvernig til hafði tekist að framfylgja umbótaáætlun. Mat á umbótaáætlun var tekin saman, skilað til MMS og birt á heimasíðu skólans. Vegna aðstæðna í samfélaginu tókst ekki að uppfylla alla þætti umbótaáætlunar og þeir þættir færðir yfir á næsta skólaár.

4. Viðmið við matið.

Í „Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla“ kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtalдар matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?

4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

5. Sjálfsmatsaðferðir og matstæki

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir foreldra, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfskönnunum og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

5.1 Nemendakannanir

-**Skólapúlsinn** er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningarkvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í fjóra hópa sem taka könnunina á mismunandi tíma á skólaárinu, þ.e. í október, desember, febrúar og apríl. Niðurstöður eru birtar í stigum og prósentum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum.

Svörun í Skólapúlsinum í ár var 94% eða alls 188 nemendur.

-Lesferill Menntamálastofnunar sem skiptist í eftirfarandi hluta

- lesfimi sem er markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfimiþróf á ákveðnum tímasetningum og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem eru aðgengileg stjórnendum. Niðurstöður eru einnig færðar inn á Mentor svo þær séu aðgengilegar foreldrum.
- lesskimun lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar. Niðurstöður eru sendar foreldrum og unnið með niðurstöður í skóla og heima.
- stuðningspróf eru markvisst lögð fyrir nemendur í 1. -10 sem ná ekki 90% viðmiðum (V1) í lesfimi sem Menntamálastofnun setur. Ef nemandi kemur út með veikleika miðað við jafnaldra þá er brugðist við með markvissri lesfimiþjálfun fram að næsta lesfimiþrófi. Niðurstöður eru settar á Mentor og eru þannig aðgengilegar foreldrum í

gegnum fjölskylduvef Mentors. Þeir nemendur sem fara í stuðningspróf Lesferils fá einstaklingsverkefni sem þeir vinna í skóla og með aðstoð foreldra til að efla lesfærni.

- Orðarún – lesskilningspróf. Lögð fyrir nemendur í 3.-8. bekk tvisvar sinnum á skólaárinu. Niðurstöður færðar inn á Mentor og eru þannig aðgengilegar foreldrum.

-Logos – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum tvö í lesfimi fyrir 6. og 9. bekk, niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent til foreldra. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

-Talnalykill – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk. Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður nýttar til að skoða hversu vel nemendur eru staddir í grunnatriðum stærðfræðinnar miðað við markmið árgangs.

-Samræmd próf í 4., 7. og 9. bekk frá Menntamálastofnun. Nemendur í 4. og 7. bekk þreyta prófin í september en nemendur í 9. bekk í mars. Prófin eru rafræn og gekk það fyrirkomulag mjög vel hjá 4. og 7. bekk. Vandræði voru í prófkerfi fyrir íslenskuprófi í 9. bekk, þannig að prófum í stærðfræði og ensku voru frestað og gerð valkvæð í framhaldi. Niðurstöður eru sendar heim með nemendum og prófin eru greind af kennurum og í framhaldi er skoðað hvar þarf að vinna betur og hvar eru styrkleikar. Niðurstöður einnig kynntar starfsmönnum skólans og skólaráði.

-Námsmat í lok skólaárs, kynnt nemendum og foreldrum.

5.2 Starfsmannakannanir

-Skólapúlsinn - rafræn könnun send á alla starfsmenn þar sem kannað er almennt um starfið og starfsumhverfi, mat og endurgjöf og endur- og símenntun. Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir starfsmenn þriðja hvert skólaár. Svarhlutfall þetta skólaárið var 92,8% eða 90 starfsmenn sem svöruðu.

-Starfsmannasamtöl í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

-Kaffihúsafundur. Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, starfsaðstöðu og líðan/samskipti starfsfólks.

-Stjórnendaheimsókn í kennslu. Ekki voru skipulagðar stjórnendaheimsóknir vegna Covid.

- Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans

- Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins

5.3 Foreldrakannanir

-Skólakynningarfundir, foreldraviðtöl, foreldrasamstarf. Skólakynningar og foreldraviðtöl voru með öðru móti þetta skólaárið vegna takmarkanna vegna Covid. Skólakynningar voru sendar rafrænt heim til foreldra. Fyrri samskiptadagur var símaviðtal kennara og seinni samskiptadagur var tekin á TEAMS samskiptaforritinu. Kennarar skiluðu mati á hvernig til tókst á samskiptadegi til deildastjóra.

-Viðhorfskönnun foreldra í tengslum við foreldradag í febrúar og lögð fyrir foreldra nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Foreldrar svöruðu spurningum rafrænt eftir að hafa fengið tengil senda með viðhorfskönnunni. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 29 en 32 nemendur eru í árganginum. Í 6. bekk voru 32 svör en 49 nemandi er í árganginum og í 9. bekk voru 25 svör en 37 nemendur eru í árganginum.


6. Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum úr þeim matstækjum sem skólinn styðst við í sjálfsmati skóla. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar. Einnig eru þau viðmið sem sett eru í skólanum tilgreind þar sem við á.


6.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.

Á matsdegi í febrúar 2021 svöruðu 77% foreldra því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans sem er lækkun frá síðasta skólaári en þá voru 91% foreldra mjög eða frekar sammála um ánægju með stjórnun. Þá eru 76% foreldra mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið sem er einnig lækkun frá síðasta skólaári. Þá telja 85% foreldra að stefna og markmið sé kynnt með skýrum hætti sem er svipað og á síðasta ári.



Ekki var lögð fyrir foreldrakönnun Skólapulísins í ár en í starfsmannakönnun Skólapulísins er spurt út í stjórnun. Þegar spurt er um faglegan stuðning skólastjórnenda til kennara þá eru niðurstöður +0,7 yfir landsmeðaltali sem er marktækur munur við landsmeðaltal. Það er þó lækkun frá síðasta ári en þá var munurinn +1.4.



Spurningar sem liggja að baki þessum niðurstöðum eru:

- Skólastjórnendur ræða markmið námsins við kennara á fundum
- Skólastjórnendur fylgjast með kennslu í kennslustofunni
- Þegar kennari á í vanda í kennslustofunni hafa skólastjórnendur frumkvæði að því að ræða málin
- Skólastjórnendur hrósa kennurum fyrir sérstaka viðleitni eða árangur.


Þá sýna niðurstöður einnig að svör varðandi stuðning frá næsta yfirmanni, sem og á þáttunum sanngjörn forysta og valdeflandi forysta koma rétt yfir landsmeðaltali.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,4	69	0,0	5,3	1.502	0,1
4.2. Sanngjörn forysta	5,4	69	0,0	5,3	1.497	0,1
4.3. Valdeflandi forysta	5,3	67	0,1	5,1	1.481	0,2

Þá kemur einnig fram í niðurstöðum Skólalúpsins að starfsmenn upplifa marktækt mikinn skýrleika hlutverks í starfi, að þeir viti hvað er ætlast til af þeim og væntingar, markmið og ábyrgð er skýr. Niðurstaða svörunar við skýrleika hlutverks er +0,7 yfir landsmeðaltali sem telst sem marktækur munur. Spurningarnar sem mynda matsþáttinn eru:


- Eru væntingar og markmið í starfi þínu skýr?
- Veistu hvað fellur undir þína ábyrgð?
- Veistu nákvæmlega til hvers er ætlast af þér í starfi þínu?



Skýrleiki hlutverks er yfir landsmeðaltali bæði hjá kennurum sem og öðru starfsfólki.

Þá kemur einnig fram að bæði kennarar sem og annað starfsfólk upplifir ekki ágreining um hlutverk sitt í vinnunni. Þar sýna niðurstöður að það er -0,5 sem er marktækt undir meðallagi sem er jákvætt að starfsmenn upplifi ekki ágreining um hlutverk sitt, bæði kennarar og annað starfsfólk. Spurningar sem liggja þar að baki eru:

- Þarftu að gera eitthvað sem þér finnst að ætti að gera öðruvísi?
- Eru þér falin verkefni án þess að þú fáið viðeigandi úrræði til að leysa þau?
- Færð þú misvísandi verkbeiðnir frá tveimur eða fleiri aðilum?



Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Ánægja hjá foreldrum að þeim þáttum sem snúa að stjórnun skólans en margir sem svara hvorki né. Mjög fáir sem svara að þeir séu óánægðir með stjórnun.
- Starfsmenn ánægðir með stjórnun skólans og mælist skólinn yfir í landsmeðaltali á þeim þáttum í Skólapúlsinum.
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mælist vel yfir landsmeðaltali.
- Starfsmenn eru vel upplýstir um markmið, væntingar og ábyrgð í starfi sem gerir starfsmenn öruggari.
- Kennsluheimsóknir stjórnenda sem hafa mælst vel fyrir síðustu ár voru ekki framkvæmdar vegna Covid-19 en mikilvægt er að halda því fyrirkomulagi áfram á næsta skólaári.
- Áskorun stjórnenda er að halda áfram þeim góða starfsanda sem ríkir í skólanum en lækkun er á þættinum ræktun mannauðs frá síðasta skólaári sem skýrist af miklum samkomutakmörkunum á skólaárinu.



6.2 Kennsluaðferðir og mat

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar sem og námsmatsaðferðir.

Í nemendakönnun Skólapúlsins er spurt um tíðni leiðsagnarmats og spurningarnar sem liggja þar að baki eru:

- kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu
- kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og hvað sem gengur illa hjá mér í náminu
- kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.



Þar kemur fram áberandi lækkun innan skólaársins í lok skólaárs þegar lokapróf nálgast og eins sést á muni hjá árgöngum að nemendur á ungingastigi.



Á kaffihúsafundi að vori var umræða hjá kennurum hvernig hægt er að auka upplýsingar til nemenda um til hvers er ætlast af þeim sem og að upplýsa foreldra um stöðu nemenda og hæfni í námi.

Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á námsmati í skólanum og unnið að hæfnimiðara námsmati og hefur deildarstjóri eldra stigs haldið utan um þá vinnu. Í starfsmannakönnun Skólaláupsins kemur fram að kennarar meta minnkandi áherslu þeirra á námsmati með prófum og er munurinn milli ára 6,7%. Eins kemur fram í svörum kennara um áherslu kennara á námsmati með öðru en prófum þá er aukning milli ára upp á 10%.

Kennarar meta samráð og samvinnu um kennslu undir þættinum starfsumhverfi kennara í Skólaláupsinum. Í báðum þessum matsþáttum eru svör kennara undir landsmeðaltali og lækka milli ára. Ástæða þess gæti verið vegna samkomutakmarkanna vegna Covid-19 en undanfarin ár hafa kennarar verið aðeins undir landsmeðaltali í matsþættinum samvinna um kennslu en í matsþættinum samráð um kennslu hafa kennarar verið á landsmeðaltali sl. tvö ár en lækkar aðeins þetta árið.



Í starfsmannaviðtölum kom fram að þó ekki hafi verið um skipulagðar kennsluheimsóknir stjórnenda þetta skólaárið vegna Covid-19 þá upplifa kennarar að stjórnendur hafi stutt vel við faglega sem og varðandi agamál nemenda.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:


- Nemendur ánægðir með leiðsagnarmat sem þeim er veitt af kennurum en þó dregur úr ánægju nemenda þegar líður að lokaprófum
- Þyrfti að skoða skipulag lokaprófa og hvort hægt sé að nota frekar leiðsagnarmat í meira mæli á kostnað þeirra.
- Auka þarf samvinnu og samráð kennara

6.2.1 Samræmd próf

Á skólaárinu þreyttu nemendur í 4., 7. og 9. bekk samræmd próf. Nemendur í 4. og 7. bekk taka prófin í september en nemendur í 9. bekk í mars. Próftaka í 4. og 7. bekk gekk mjög vel í framkvæmd en þau voru eins og síðustu ár tekin rafrænt og stóðu nemendur sig með miklum sóma. Vandræði urðu við próftöku í íslensku í 9. bekk, í framhaldi prófunum frestað í stærðfræði og ensku og gerð valkvæð.

Nemendur í 4. og 7. bekk taka próf í íslensku og stærðfræði en nemendur í 9. bekk taka íslensku, stærðfræði og ensku. Menntamálastofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður fyrir hvern nemanda og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu á mælistiku á rafrænum grunni á Skólagátt. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í niðurstöður prófanna, bæði í heild sinni sem og innan ákveðinnar námsþátta. Þá er sérstaklega horft til framfarastuðuls nemenda í 7. og 9. bekk til að sjá hvort þeir séu að sýna framfarir eins og almennt gerist, slakari framfarir eða meiri framfarir. Markmið skólans er að vera fyrir ofan meðaltal (50) á raðeinkunn sem er gefin frá 1-99. Niðurstöður eru sendar heim til foreldra á útprentuðu blaði.

Eftirfarandi niðurstöður voru á samræmdu prófunum í 4. og 7. bekk skólaárið 2020-2021 (*Niðurstöður í 9. bekk eru ekki marktækar þetta skólaárið vegna vandræða með prófakerfið og er ekki fjallað um niðurstöðurnar í 9. bekk í þessari skýrslu*):



Eins og hér má sjá eru nemendur í Njarðvíkurskóla yfir í stærðfræði í báðum árgöngum og yfir í íslensku í 4. bekk en undir í 7. bekk íslensku.

Í 4. bekk voru 44 nemendur sem þreyttu íslenskuprófið og 45 nemandi stærðfræðiprófið. Hér má sjá sundurliðun hjá þeim nemendum miðað við raðeinkunn. Sérstaklega er tekið fram hvernig nemendum gengur í lestri í íslenskuprófinu þar sem það gildir 75% í 4. bekk og 70% í 7. bekk af einkunn. Þá er einnig tekið fram niðurstaða í reikningur og aðgerðir innan stærðfræðiprófsins þar sem það gildir 50% af prófinu. Niðurstöður í 4. bekk voru mjög góðar bæði í stærðfræði og í íslensku. Mikill munur er á fjölda nemenda sem eru með raðeinkunn 76-99 eftir fögum, 15 í íslensku en 25 í stærðfræði.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	44	5	11,4%	24	54,5%	15	34,1%
	Lestur	44	5	11,4%	29	65,9%	10	22,7%
Stærðfræði	Heild	45	1	2,2%	19	42,2%	25	55,6%
	Reikningur og aðgerðir	45	3	6,7%	20	44,4%	22	48,9%

Í 7. bekk voru það 31 nemendur sem tóku bæði íslensku- og stærðfræðiprófið. Eins og hjá nemendum í 4. bekk er einkunn í stærðfræði hærri en í íslensku.

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	31	8	25,8%	16	51,6%	7	22,6%
	Lestur	31	9	29,0%	16	51,6%	6	19,4%
Stærðfræði	Heild	31	6	19,4%	17	54,8%	8	25,8%
	Reikningur og aðgerðir	31	6	19,4%	16	51,6%	9	29,0%

Enginn nemandi tók framförum (bæði í íslensku og stærðfræði) í niðurstöðum samræmdra prófa frá prófinu í 4. bekk. Í íslensku voru 17 nemendur eru með svipaðar framfarir og almennt gerist en aðrir nemendur með litlar eða minna en almennt gerist á landsvísu. Í stærðfræði eru 18 nemendur með svipaðar framfarir og almennt gerist en aðrir nemendur með litlar eða minna en almennt gerist á landsvísu.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum

- Fyrirlagnir í prófunum í 4. og 7. bekk gengu mjög vel. Nemendur voru rólegir og sýndu mikinn dugnað og þrautseigju í prófunum. Engin vandkvæði komu upp við próftöku.
- Fyrirlögn prófsins í íslensku í 9. bekk gekk illa þar sem prófakerfið hjá MMS var ítrekað að detta út. Í framhaldi voru prófum í stærðfræði og ensku frestað og gerð valkvæð þar sem örfáir nemendur ákváðu að taka prófin. Vandræðin við fyrirlögn í 9. bekk hafði mikil áhrif á prófatöku nemenda í 9.HH en ekki áhrif á nemendur í 9. TG.
- Viðmið okkar í Njarðvíkurskóla er að vera yfir 50 í raðeinkunn og náðum við því í þremur prófum af fjórum prófum í 4. og 7. bekk. .
- Í framfarastuðli hjá 7. bekk kemur fram að flestir nemendur eru að halda framförum svipað og almennt gerist eða sýna litlar eða minna en almennt gerist. Enginn nemandi mælist með framfarir. Mikilvægt er að nemendur haldi sínu eða taki framförum milli prófa.


- Stjórnendur og kennarar skoða vel niðurstöður samræmdra prófa með tilliti til þess hvar við erum að gera vel og hvar er sóknarfæri. Niðurstöður fyrir prófin í 4. og 7. bekk voru kynntar öllum starfsmönnum skólans og skólaráði.

6.2.2 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 1. bekk taka lesskimun til snemmtækrar íhlutunar og er unnið með niðurstöður heima og í skóla í þeim þáttum sem koma ekki vel út hjá nemendum. Deildarstjóri yngra stigs sér um fyrirlögn prófanna og skipulag á vinnu með niðurstöður.


Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfímipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, janúar og í maí. Niðurstöðurnar eru færðar inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem heldur utan um niðurstöðurnar fyrir skóla landsins. Nemendur fá niðurstöður í fjölda orða á mínútu. Menntamálastofnun setur svo 3 viðmið í hverjum árgangi og miðað er við að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.

Niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla við lok skólaárs eftir viðmiðum má sjá hér:



Hlutfallslega eru flestir nemendur í 5., 6. og 9. bekk undir viðmiðum en í þessum árgöngum eru yfir 40% nemenda undir viðmiði 1. Nemendur í 1. bekk eru bæði hlutfallslega með flesta yfir viðmiði 3 sem og fæsta undir viðmiði 1.

Hér má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum í Njarðvíkurskóla í maí 2021.



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir þá nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði 2 í lok 5. og 8. bekkjar að vori áður til að skima nemendur og sjá hvaða nemendur þurfa að fara í heildar lestrargreiningu. Farið er yfir niðurstöður á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum.

Kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja fyrir Talnalykil sem hópskimun til að kanna stærðfræðifærni nemenda í 3. og 6. bekk. Í Talnalykli eru skimað eftir færni í grunnþáttum sem nemendur á þessum aldri eiga að vera búin að ná tökum á. Mikilvægt er að nemendur nái yfir 70% í réttum svörum. Niðurstöður hjá 3. og 6. bekk skólaárið 2020-2021 voru eftirfarandi og hér er hægt að skoða þær niðurstöður í samanburði við síðustu þrjú ár.

3. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2017-2018	65,9%	34,1%
2018-2019	44,2%	55,8%
2019-2020	70,9%	29,1%
2020-2021	86,7%	13,3%

6. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2017-2018	33,3%	66,7%
2018-2019	36,67%	63,33%
2019-2020	42,42%	57,58%
2020-2021	5%	95%


Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Allir kennarar vinna eftir *Lestrarstefnu* skólans og nemendur taka lesfimiþróf og lesskilningsþróf með reglulegu millibili. Niðurstöður lesfimiþrófa eru settar inn á Skólagátt Menntamálastofnunar sem vinnur úr niðurstöðum. Niðurstöður sýna að nemendur í 1. bekk eru að fara vel af stað í skólagöngunni sinni.
- Margir nemendur í 5., 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði 1. Mikilvægt að vinna vel með þá nemendur í lesfimi.

- Mjög góður stuðningur sem við fáum frá kennsluráðgjöfum Fræðsluskrifstofunnar með skimunum sem þessum, markvissum skilafundum og umræðu um úrræði fyrir nemendur.
- Nýtt fyrirkomulag í Logos skimun kom mjög vel út. Aðeins nemendur sem hafa ekki náð viðmiði 2 við lok síðasta skólaárs í 6. og 9. bekk voru skimaðir til að greina frá þá sem þurfa að fara í heildargreiningu.
- Niðurstöður Talnalykils koma mjög vel út hjá nemendum í 3. bekk en kom illa hjá nemendum í 6. bekk. Kennarar unnu að þeirri hæfni sem kom slakast út í 6. bekk eftir skilafund með kennsluráðgjafa. Samstarfshópur stjórnenda og kennara úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar vinnur að nýju matstæki í stærðfræði sem verðu kynnt á næsta skólaári.


6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna

Í starfsmannasamtölum var spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel. Starfsmenn svara fyrirfram spurningarlista til undirbúnings fyrir viðtalið og í spurningunni um ánægju í starfi velja þeir af kvarðanum 1-5 þar sem 1 þýðir slæmt en 5 mjög gott eða jákvætt. Meðaltal ánægju í starfi var 4.43 en af 92 svörum þá svara 53% starfsmanna með 5, 37% starfsmanna svara með 4, 10% með 3 en enginn með 2 eða 1. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er svörun starfsmanna um starfsanda rétt yfir landsmeðaltali eða 0.3 stig. Í spurningunni um nýsköpun á vinnustað er spurt hvort samskipti séu í góðu lagi á vinnusvæði starfsmanna og þar svara 93.1% starfsmanna fremur oft eða mjög oft eða alltaf.




Í matsþáttum er varða vinnustaðinn kemur fram að svör starfsmanna eru marktækt yfir landsmeðaltali er varða mismunun á vinnustað eða um +0,7 stig. Spurningarnar sem liggja þar að baki eru hvort starfsmenn hafi tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustað eða mismunun í framkomu gagnvart eldri og yngri starfsmönnum. Niðurstöður voru hærri en landsmeðaltal bæði hjá kennurum sem og öðru starfsfólki.

Í spurningum Skólapúlsins varðandi einelti á vinnustað kom fram að alls eru 4.5% starfsmanna sem upplifa einelti eða áreitni á vinnustað sl. 6 mánuði en engin slík mál hafa komið til vinnslu hjá stjórnendum. Stjórnendur taka þessar niðurstöður alvarlega og var rætt á starfsmannafundi þegar niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins voru kynntar að mikilvægt er að starfsmenn sem upplifa einelti á vinnustað kynni sér verkferla bæjarfélagsins varðandi slík mál og láti stjórnendur eða trúnaðarmenn vita.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Vegna Covid-19 heimsfaraldursins var lítið gert í hópefli fyrir starfsmannahópin og milli ára lækkar matsþátturinn ræktun mannauðs um 0.6 stig



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í starfi sem kemur fram bæði í starfsmannasamtölum, í ytra mati, Skólapúlsinum sem og á kaffihúsafundinum.
- Jákvætt að starfsmenn upplifi góð samskipti á vinnustað.
- Áskorun fyrir stjórnendur að vinna gegn mismunum á vinnustað.
- Ákveðinn fjöldi starfsmanna sem upplifir einelti eða áreitni á vinnustað og mikilvægt að kynna vel viðeigandi verkferla hjá bæjarfélaginu og árétta að öllum slíkum ábendingum er tekið alvarlega og unnið með slík mál.


6.3.1 Nemendur – árangur og líðan

Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólapúlsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.



1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,5	150	0,3	4,5	17.501	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,8	149	-0,3	4,6	17.611	0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	149	0,1	4,8	17.865	0,7*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,9	149	-0,6	4,7	17.839	0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	147	-0,3	4,5	17.587	0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,0	147	0,3	4,5	17.806	0,5*


Síðustu ár hefur niðurstaða í matsþættinum ánægja af lestri ávallt verið undir landsmeðaltali og þrátt fyrir vinnu lestrarteymis skólans við að bæta það. Ákveðið var að fá Þorgrím Þráinsson til aðstoðar við að vinna að meiri áhuga nemenda á lestri og niðurstöður sýna að það hefur haft áhrif þar sem niðurstöður á þessu ári eru á landsmeðaltali og hækka frá síðasta ári.




Sá árgangamunur skoðaður þá eru allir árgangar á eða við landsmeðaltal. Drengir eru þó aðeins fyrir neðan landsmeðaltal en stúlkur rétt fyrir ofan.




Áhugi nemenda á stærðfræði er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal eða +0,7 og er það bæði hjá stúlkum og drengjum og í öllum árgöngum.



Eins er áhugi nemenda á náttúrufræði yfir landsmeðaltali þó það lækki á milli ára og er munurinn sérstaklega mikill í 10. bekk sem skýrist sennilega af áhugasviðsverkefnum sem þau vinna í þeim árgangi.



Í matsþáttunum þrautsegja í námi og trú á eigin vinnubrögð þá eru nemendur rétt yfir landsmeðaltali en í matsþættinum trú á eigin mánsgetu þá eru þeir marktækt yfir landsmeðaltal og hækka frá síðasta ári. Það á við bæði hjá strákum og stelpum og í öllum árgöngum.




Í öðrum hluta nemendakönnunar Skólaláupsins er spurt um líðan og heilsu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	147	-0,2	4,2	17.536	0,0
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	146	-0,4	4,3	17.494	0,0
2.3. Velliðan	4,4	146	-0,3	4,4	17.714	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	41	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	146	0,2	5,6	17.685	0,1
2.6. Tíðni eineltis	11,6%	17/147	0,1%	13,6%	2468/17631	-2,0%
2.7. Staðir eineltis	-	16	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	46,9%	68/145	0,1%	43,7%	7567/17263	3,2%
2.9. Holt mataræði	4,5	147	-0,1	4,6	17.412	-0,1

Í spurningarþættinum um líðan og heilsu eru nemendur í Njarðvíkurskóla að koma svipað út og landsmeðaltal, rétt yfir eða rétt undir en eru þó að lækka aðeins milli ára í flestum þáttum. Tíðni eineltis er þó aðeins að hækka og þarf að skoða það þar sem engin eineltismál voru tilkynnt til eineltisteymisins á skólaárinu svo mikilvægt er að starfsmenn fylgist vel með samskiptum og einnig að fara yfir skilgreiningu á einelti með nemendum. Verkferlar eineltisteymis eru á heimasíðu skólans sem og tilkynningarblað.

Í viðhorfsskönnun foreldra í 3., 6. og 9. bekk þá kemur fram að tæp 90% foreldra upplifa að barninu þeirra líður vel í skólanum og rúm 80% foreldra segja að samskipti milli nemenda eru góð. Aukning er hjá þeim sem eru frekar sammála og fækkun hjá þeim sem eru mjög sammála. Þá segja 72% foreldra að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum sem er lækkun um 10% frá síðasta ári en 9% foreldra eru því frekar eða mjög ósammála sem er einnig hækkun.




Í þriðja þætti Skólapúlsins er spurt um skóla- og bekkjaranda.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,9	146	-0,1	4,8	17.392	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	146	-0,4	4,9	17.611	-0,1
3.3. Agi í tímum	5,1	146	-0,0	4,9	17.580	0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	146	-0,3	5,0	17.537	0,2
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	146	-0,2	5,0	17.548	0,2

Í þáttum er varða skóla- og bekkjaranda eru niðurstöðurnar rétt við landsmeðaltal en í flestum tilfellum er neikvæð breyting miðað við síðasta skólaár.

Á skólaárinu gekk ágætlega að vinna eftir PBS agakerfinu þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid-19 faraldursins. Í lok skólaárs svöruðu starfsmenn þarfagreiningu og þar kemur fram ósk frá starfsmönnum að fá meiri fræðslu til að rifja upp og einnig til að nýir starfsmenn komist betur inn í agakerfið. Eins kemur þar fram að starfsmenn fundu mun í ár vegna takmarkanna Covid-19. Í viðhorfsskönnun foreldra í febrúar var spurt um PBS agakerfið og eru 81% foreldra ánægðir með agakerfið en 4% eru frekar eða mjög ósammála því. Þá telja 68% foreldra að agakerfið hafi áhrif á hegðun hjá sínu barni en 26% svara hvorki né.




Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Áhugi nemenda á lestri mælist nú við landsmeðaltal sem mikil ánægja er með og teljum við að það verkefni sem unnið var með í samvinnu við Þorgrím Þráinsson hafi komið sterkt inn þar. Mikilvægt er að halda þeirri vinnu áfram.
- Áfram eru nemendur að mælast hátt í áhuga á stærðfræði og náttúrufræði þó er aðeins lækkun milli ára í áhuga á náttúrufræðinni.
- Nemendur upplifa mikla trú á eigin námsgetu og mælist það marktækt yfir landsmeðaltali og hækkar á milli ára. Trú á eigin vinnubrögð eru yfir landsmeðaltali en lækkar frá fyrra ári.
- Matsþættir er varða líðan og heilsu koma flestir út á landsmeðaltali en eru þó að lækka frá fyrra ári sem mikilvægt er fylgjast vel með á næsta skólaári.
- Ýmsar takmarkanir voru á framkvæmd á PBS agakerfinu vegna heimsfaraldursins og í þarfagreiningunni kom fram ósk um meiri fræðslu sem PBS teymið mun leiða á næsta skólaári.
- Tíðni eineltis hækkar lítillega og alls svara 17 nemendur í 6.-10. bekk að þeir hafi verið lagðir í einelti á sl. 30 dögum en þó var ekkert eineltismál tilkynnt til eineltisteymis skólans.
- Mikilvægt er að fara í fræðslu til nemenda á því hvað einelti er og hverjir eru verkferlar við vinnu á slíkum málum. Eins þarf að fara í fræðslu til foreldra varðandi verkferla.

6.4 Upplýsingastreymi


Niðurstöður forelðrakönnunar frá forelðradegi í febrúar sýna að 92% foreldra eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingastreymi frá skólanum sé gott sem er svipað og á síðustu árum en mikilvægt er að foreldrar upplifi gott upplýsingastreymi frá skóla.



Í starfsmannakönnun Skólapúlssins kom fram að hækkun er í jákvæðum svörum kennara varðandi upplýsingaröflun til foreldra en er þó rétt undir landsmeðaltali. Eins og áður hefur komið fram þá upplifa bæði kennarar sem og aðrir starfsmenn að hlutverk þeirra sé skýrt og ekki ágreiningur um hlutverk þeirra í starfi sem bendir til þess að upplýsingarstreymi til starfsmanna sé gott og skýrt. Bæði er notast við tölvupósta, Workplace sem og fundi. Á kaffihúsafundi að vori var rætt hvernig hægt er að koma á betra upplýsingarstreymi og samstarfi milli skóla og sérdeildarinnar Ösp og komu þar fram margar góðar hugmyndir sem verða framkvæmdar á næsta skólaári.

6.4.1 Samskipti við foreldra.


Í viðhorfsskönnun foreldra í febrúar 2021 eru 85% foreldra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska foreldra og 95% foreldra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel. sem eru sömu niðurstöður og frá síðasta skólaári. Niðurstöður í spurningunni um hvort foreldrar upplifi sig vera velkomna í skólann koma ekki eins út og á síðasta ári en 69% segja mjög eða frekar sammála en 24% svara hvorki né og 7% frekar eða mjög ósammála. Þarna kemur örugglega inn upplifun foreldra vegna samkomutakmarkanna en á stórum hluta skólaársins máttu foreldrar ekki koma inn í skólann. Nær allir foreldrar upplifa að þeir fylgist vel með námi barnanna sinna.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er niðurstaða á matsþættinum upplýsingamiðlum til foreldra rétt undir landsmeðaltali en spurningarnar sem mynda þann matsþátt eru, hve oft gerir þú eftirfarandi sem kennari:

- ræði við foreldrana um námsárangur nemandans
- sendi upplýsingar um námsárangur nemandans til foreldra
- ræði við foreldrana um hegðun og/eða líðan nemandans
- sendi upplýsingar um hegðun og/eða líðan nemandans til foreldra

Sé þróum síðustu ára skoðuð þá hefur upplýsingarmiðlun til foreldra lækkað mjög síðustu ár en ein skýring á því er stöðug upplýsingargjöf á mati námsárangurs í gegnum Mentor .



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Samtalsdagar eru tvisvar sinnum á skólaárinu. Þetta skólaárið var fyrirkomulag fyrri samtalsdags þannig að kennari hringdi í foreldri og þá var farið yfir líðan og almenna námsframvindu. Seinni samtalsdagurinn var á samskiptaforritinu TEAMS og mælt var til að bæði foreldri/foreldrar sem og nemandi væri viðstaddur í viðtalinu. Foreldrar nemenda með annað tungumál en íslensk voru boðaðir til viðtals í skóla með túlki og gætt var að almennum sóttvörnum.

Í haust voru skólakynningar sendar rafrænt heim til foreldra og mæltist það vel fyrir. Gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og sitja fulltrúar foreldrafélags skólans í skólaráði sem fundar undir stjórn skólustjóra 4-5 sinnum á hverju skólaári og hefur þar áhrif á ýmsa þætti tengda skólastarfi.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Foreldrar upplifa gott upplýsingarstreymi frá skóla.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með upplifun sína á skólanum hvað varðar að skólinn taki tillit til óska og athugasemdir. Einnig kemur fram að þeir bera mikið traust til starfsmanna skólans.
- Ánægja var meðal foreldra sem og kennara með rafrænar skólakynningar í upphafi skólaársins og stefnt er að því að hafa þann háttinn á næsta haust.
- Framkvæmd á samtalsdegi tókst ágætlega, sérstaklega seinna viðtal skólaársins þar sem viðtöl voru á TEAMS og í skóla fyrir foreldra/nemendur sem fengu túlk í viðtali.

- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og í skólanum er virkt skólaráð.
- Svör kennara benda til minna upplýsingastreymis til foreldra miðað við síðustu ár.

7. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Deildarstjórar	Skólasetning 24. ágúst var skipt niður í sex skipti á sal skólans og síðan í minni hópum í heimastofur - 2. bekkur kl. 9:00, 3. KB kl. 10:00, 3. LE kl. 10:20, 4.-6. bekkur kl. 11:00, 7.-10. bekkur kl. 11:30 og 1. bekkur kl. 13:00. Í 1.-3. bekk voru aðeins 1-2 foreldri með hverjum nemenda og virða þurfti 2m. regluna. Í 4.-10. bekk mættu nemendur án foreldris/forráðamanni. Skólasetning tókst vel.
Skólakynningar	Kennarar	Skólakynningar voru rafrænar og var mikil ánægja með þær.
Brúum bilið/Samfella á milli skólastiga	Deildastjóri yngra stigs	Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda á leikskólanum Gimli og 1. bekk féllu niður á skólaárinu vegna takmarkana vegna Covid 19. Allir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um heimsókn í skólann með tilvonandi nemendum Njarðvíkurskóla. Það komu nemendur fá öllum leikskólunum í heimsókn í maí og fengu kynningu á skólanum sem var ótrúlega skemmtilegt.
Samtalsdagar í október og febrúar	Deildarstjórar	Samtalsdagur 14. október fór nánast fram hjá öllum símleiðis en samtalsdagur 9. febrúar í gegnum Teams. Foreldrar/forráðamenn bókuðu viðtal hjá umsjónarkennara, fag-, list- og verkgreinakennarar í gegnum Mentor. Hægt væri að skoða þann möguleika að foreldrar hafi val um að mæta á staðinn eða taka viðtalið í gegnum Teams.
Dagur íslenskrar tungu	Allir starfsmenn skólans	Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur en með óhefðbundnum hætti 16. nóvember vegna sóttvarnaráðstafana. Hátíðardagskrá Njarðvíkurskóla var rafræn, tekin upp og sett saman í myndband sem formaðurinn og varaformaðurinn, Valur Axel og Helga Vigdís kynntu. Kennarar í 1.-4. bekk, Björk og Ösp horfðu á myndbandið á tímabilinu kl. 8:50-11:00. Kennarar í 5.-10. bekk horfðu á myndbandið kl. 9:20 með fyrri hóp og seinni hóp kl. 12:20. Með þessu var tryggt að allir hópar sáu myndbandið. Myndbandið má finna á; Nj-Media(M)\Dagur íslenskrar tungu 2020\ eða á Nj-BekkN(R)\Dagur íslenskrar tungu 2020\.
		Nemendur sungu, lásu upp ljóð, lásu smásögur, sýndu myndbrot úr verkefnum, og margt fleira.

		Nemendur úr skólahóp af leikskólanum Gimli voru með atriði á dagskrá yngra stigs. Deildarstjóri yngra stigs sendi Gimli glærurnar og undirspilið við textann Íslenskuljóðið sem við notum á hátíðinni á Degi íslenskrar tungu. Rafræna upptakan af deginum var síðan aðgengileg á heimasíðu Njarðvíkurskóla. Almenn ánægja var með skipulagið.
Lestrarátak nóvember	í Lestrarteymi	Fyrri lestrarátaki var frestað vegna Covid 19.
Upplestur rithöfunda í desember	Deildarstjórar	Vegna Covid 19 þá gátum við ekki fengið heimsóknir frá rithöfundum með upplestur fyrir nemendur. Við leystum málið þannig að bæði rithöfundar sendu okkur upptöku og töluðu til nemenda í gegnum Teams. Þetta fyrirkomulag kom vel út og getur verið hvatning að fá fleiri upplestra á þessu formi ásamt því að fá heimsókn á sal.
Jólamatur	Deildarstjóri eldra stigs	Jólamatur var í stofum þetta árið og lagt upp með að skapa jólastemningu í stofum. Starfsmenn skólans báru fram matinn í stofur.
Þemadagar í desember Jólafondur	Deildarstjórar	Þemadagar féllu niður í desember. Áhersla var lögð á jólafondur og styrkti foreldrafélag skólans okkur til efniskaupa í stað hefðbundins jólafondurs hjá þeim. Deildastjórar opnuðu búð þar sem kennarar gátu komið og pantað vörur og fengu seinna úthlutað eitthvað af þeim pöntunum sem þeir óskuðu eftir. Þetta fyrirkomulag var einstaklega vel heppnað.
Jólahátíð	Deildarstjórar	Litlu jól hjá nemendum í heimastofum. Nemendur í 1.-4. bekk dönsuðu í kringum jólatréð og jólasveinn heimsótti 1.-2. bekk í heimastofur en eldri nemendur dönsuðu ekki í kringum jólatréð. Skipulag var óhefðbundið þar sem árgangar máttu ekki skarast. Jólahátíðin gekk vel.
Lestrarátak í febrúar	Lestrarteymi	Lestrarátak skólaársins var eitt þar sem Covid 19 hafði áhrif á að ekki var hægt að hafa tvö lestrarátök eins og gert er ráð fyrir í skóladagatalinu. Fresta þurfti áttakinu í tvígang. Lestrarátakið bar heitið Vinir lesa og fór fram á tímabilinu 1.-13. febrúar. Lestrarátak skólans hefur hingað til farið fram með þeim hætti að virkja þátttöku heimilanna. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu þá var ákveðið að vera með aðra nálgun þ.e. að fara aðra leið sem hefur ekki verið farin áður en með því vorum við að koma til móts við heimilin. Markmið lestrarátaksins var að auka áhuga og ánægju nemenda á lestri

		og efla um leið lestrarfærni með aðstoð góðra fyrirmynda í þjóðfélaginu. Lesarar völdu lesefni sem á sér forsögu í þeirra lífi og sendu myndupptöku á rafrænu formi til skólans sem voru sýndar, ein á dag. Nemendur og starfsmenn skólans horfðu á upptökuna en vissu ekki fyrir fram hver lesarinn var hverju sinni. Lestrarátakið tókst mjög vel.
Öskudagur	Allir starfsmenn	Öskudagurinn var haldinn í stofum og sáu kennarar um skipulag. Ákveðnir árgangar slógu köttinn úr sekknum með mikinn fögnuð nemenda. Draugahúsið féll niður og eins stöðvar.
Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk	Deildarstjóri eldra stigs	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppninnar. Dómarar voru Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Helga Sigurðardóttir íslenskukennari og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri. Foreldrum var ekki boðið að mæta heldur var keppnin send út í gegnum Teams og var ánægja með það fyrirkomulag.
Þemadagar 25.-26. febrúar	Deildarstjórar	Þemað var Heilbrigði sál í hraustum líkama. Hver árgangur vann að ákveðnum viðfangsefnum sem kennarar/stuðningsfulltrúar ákváðu í samstarfi og unnu margir bekkir innan árgangs saman. Teymin í hverjum árgangi fengu undirbúningstíma á starfsdegi í lok janúar og á fundartíma í febrúar ásamt því að hvert teymi hittist eftir þörfum. Boðið var upp á hafragraut báða morgna á sal skólans og var það vel nýtt sérstaklega seinni daginn. Mikil ánægja var með að bekkir gátu skráð sig í íþróttahús, sundlaug og heimilisfræðistofu.
Litla upplestrarkeppnin hjá 4. bekk	Deildarstjóri yngra stigs	Litla upplestrarkeppnin var haldin í mars og gekk vel.
Dagur stærðfræðinnar	Torfi og Þórdís Björg stærðfræðikennarar	Dagur stærðfræðinnar var haldinn 12. mars. Allir kennarar voru hvattir til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og horfa til þess að stærðfræði má sjá í flestum viðfangsefnum ef sett eru upp stærðfræðigleraugun.
Íþróttadagur	Íþróttakennarar	Skipulag var í höndum íþróttakennara og var dagskráin tvískipt 1.-5. bekkur og 6.-10. bekkur. Keppni milli kennara og nemenda var frestað út af sóttvarnareglum fram að vorhátíð en önnur dagskrá hélst. Færa þurfti dagskrána inn vegna loftgæða frá eldgosi.

Ferðir/útinám í júní	Allir starfsmenn	Allir bekkir fóru í vorferðir 1., 2. eða 3. júní Mikilvægt að panta rútur snemma. Dagana sem nemendur voru ekki í ferðum voru þeir dagar skipulagðir með útinám í huga.
Vorhátíð nemenda	Allir starfsmenn	Fjölbreytt dagskrá sem var skipulögð úti en þurfti að færa fótboltakeppni og körfuboltakeppni inn vegna veðurs. Það sem var í boði var m.a. skúðganga, leikir um alla skólalóð, leikir milli nemenda og starfsmanna í fótbolta og körfubolta (fært frá íþróttadegi) o.fl. Friðrik Dór tónlistarmaður söng nokkur lög við mikinn fögnuð nemenda. Litahlaup sem gekk einstaklega vel. Hátíðin gekk vel og skipulagið gott. Gott að heyra tímalega í Brunavörnum Suðurnesja, lögreglu, panta duftið fyrir litahlaupið. Breytingin á hlaupaleið í litahlaupinu kom vel út. en sápuboltinn féll niður þar sem það var of mikið rok. Veltibíllinn og hoppkastalinn var afpantaður vegna sóttvarnarreglna. Frábært að nýta starfsdag til að gera litaduftið, það gekk einstaklega vel þetta árið.
Skólaslit	Skólastjórnendur	Skólaslitin voru fimmskipt á sal skólans, 1.-2. bekkur kl. 9:00, 3.-4. bekkur kl. 10:00, 5.-6. bekkur kl. 11:00, 7.-9. bekkur kl. 13:00 og 10. bekkur kl. 17:30. Flutt voru tónlistaratriði á öllum skólaslitunum sem fóru fram í sal íþróttahússins fyrir utan 10. bekk sem var á sal skólans. Skólaslitin hjá 1.-9. bekk og tóku um 30-40 mínútur – ekki var farið í heimastofur eins og venjan er. Aðeins voru veittar viðurkenningar fyrir 7.-10. bekk. Tilmæli voru gerð um að 1-2 myndi hámark fylgja nemendum. Vel var mætt af foreldrum/forráðamönnum á öll skólaslitin og mikil ánægja með að halda skólaslitin í íþróttahúsinu.
Útskrift hjá 10. bekk	Skólastjórnendur	Útskrift nemenda í 10. bekk var 8. júní kl. 17.30 á sal skólans og hátíðarkvöldverður í framhaldi. Flutt tónlistaratriði, aðstoðarskólastjóri stjórnaði útskriftinni. Umsjónarkennarar, fulltrúi nemenda og skólastjóri fluttu ræðu. Allir nemendur fengu trefla að gjöf. Fjöldi viðurkenninga voru veittar.
Kaffihúsafundur	Deildarstjórar	Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, teymisvinna, leiðir til að setja fram markmið kennslustunda/verkefna/kennsluáætlana, útfærsla á áhugasviðsverkefnum, hvernig stuðningur nýtist best, gæsla á gangi/skólalóð, undirbúningstími stuðningsfulltrúa, bætt

		upplýsingarstreymi milli skóla og Aspar, sóknarfæri í starfi Asparinnar, sameiginleg sýn og gildi, dreifð og styðjandi forysta, gagnkvæmur stuðningur starfsmanna, miðla hugmyndum og aðferðum. Hvar stöndum við sem faglegt lærdómssamfélag, hvar liggja styrkleikar okkar og hver eru sóknarfærin, hvar erum við að gera vel og hverju erum við helst stolt af í starfi skólans. Hugmyndir af verkefnum sem auðgað gæti skólastarf þar sem farið er út fyrir hefðbundið skólastarf... þemadagar/ árshátíð/samþætting námsgreina. Deildarstjórar tóku saman niðurstöður og skólastjóri fór yfir á starfsmannafundi í framhaldi. Það gekk vel að skrá svör starfsmanna á tölvutæku formi en jók það svörun og þar með yfirferð stjórnenda.
--	--	--

8. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til eins árs, eða til vors 2022. Sú áætlun er kynnt starfsfólki að hausti 2021. Þá er unnin langtímaáætlun til umbóta, til næstu þriggja ára eða til loka skólaársins 2023.

Reykjanesbæ, júní 2021

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri